

# Sjálfsmatsskýrsla – Gæðaskýrsla

## Framvegis 2019-2020



# Efnisyfirlit

1.	Gæðastefna Framvegis .....	3
2.	Helstu verkefni 2019 - 2020 .....	3
2.1	Námskeið .....	3
2.2	Námskrár .....	4
2.3	Fræðslugreiningar.....	4
3.	Mat á skólastarfi .....	5
3.1	Niðurstöður kannana.....	5
4.	Úttekt á stöðu eigna .....	7
5.	Stefna og framtíðarsýn .....	7
6.	Samantekt.....	7

## 1. Gæðastefna Framvegis

Framvegis miðstöð símenntunar vinnur samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010) og samningi við Mennta- og menningamálaráðuneytið um framkvæmd framhaldsfræðslu í takt við viðurkenningu þess efnis. Starfsemi Framvegis uppfyllir kröfur um gæði fræðslu, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar í samræmi við viðurkennda evrópska gæðavottun; EQM+ (European Quality Mark+) sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili fyrir. EQM+ er hannað til að mæta síauknum kröfum um gagnsemi náms og sameiginleg gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Gæðastefna Framvegis er samkvæmt 14 gr. laga um framhaldsfræðslu:

**14. gr. Framkvæmd mats á fræðslustarfi.** (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010027.html>)

- Fræðsluaðilar meta sjálfir með kerfisbundnum hætti árangur og gæði fræðslustarfsins og birta opinberlega upplýsingar um innra gæðamat sitt og áætlanir um umbætur í kjölfar þess.
- Ráðherra hefur umsjón með úttektum, könnunum og rannsóknum sem miða að því að tryggja almenn gæði framhaldsfræðslu og almennan skilning og þekkingu á málefnum er henni tengjast. Framkvæmd slíkra verkefna skal að jafnaði falin óháðum aðila. [Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast umsjón samkvæmt þessari grein.]

Framkvæmdastjóri Framvegis ber ábyrgð á að gæðastefnunni sé viðhaldið og að hún sé í samræmi við markmið og stefnur Framvegis.

Tilgangur gæðastefnu Framvegis er að veita námsmönnum og öðrum viðskiptavinum sem besta þjónustu og að sú þjónusta sé í samræmi við gæðaviðmið sem Framvegis setur sér. Lögð er áhersla á að skapa þægilegt umhverfi þar sem námsmenn og starfsfólk getur sinnt hlutverki sínu innan símenntunarmiðstöðvarinnar – hvort heldur er í námi eða starfi.

Með virkri gæðastefnu leitast framkvæmdarstjóri, stjórn og starfsfólk Framvegis við að:

- Meta og þróa starfsemi símenntunarmiðstöðvarinnar út frá niðurstöðunum námsmats, umsögunum, ábendingum, líðan nemenda og starfsfólks og öðru því sem kann að þjóna markmiðum gæðastefnunnar
- Gæðamarkmið Framvegis séu endurskoðuð reglulega
- Öllum markmiðum, s.s. um persónuverndarstefnu, umhverfisstefnu og fjárhagslegri ábyrgð sé fylgt
- Starfsemi Framvegis sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga og sjá til þess að réttindi allra séu virt

## 2. Helstu verkefni 2019 - 2020

Verkefni Framvegis voru fjölbreytt á starfsárinu 2019-2020. Góð samvinna var við VIRK og Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins auk þess var í fyrsta sinn námskeið fyrir og í samvinnu við Fjölsmiðjuna.

### 2.1 Námskeið

- Sjúkraliðanámskeið – 15 námskeið voru kennd á haustönn 2019. Áætlað var að kenna 16 námskeið vorönn 2020 en vegna kórónaveirunnar voru aðeins 11 þeirra kennd. Af þeim 26 námskeiðum sem voru kennd voru 12 þeirra einnig í fjarkennslu
- Gott að vita – 19 námskeið voru fyrirhuguð á haustönn en eitt af þeim féll niður. Á vorönn hafði kórónaveiran mikil áhrif en aðeins 12 námskeið fóru af stað af þeim 19 voru á dagskrá. Í ljósi ástandsins var 4 erindum bætt við sem boðið var uppá í gegnum fjarfundarbúnað.
- Námsleiðir framhaldsfræðslunnar - Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) – 9 námskeið

- Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – 5 námskeið. Námskeiðin voru á vegum Félagsmálaráðuneytisins en Framvegis hélt utanum skráningu og uppgjör þeirra
- VIRK starfsendurhæfing og Vinnumálastofnun - 22 námskeið, bæði fyrir íslenska og erlenda þátttakendur
- Endurmennun atvinnubílstjóra - eitt námskeið

Fjöldi námskeiða			
Námskeið	Haust 2019	Vor 2020	Samtals
Endurmenntun atvinnubílstjóra	0	1	1
Færni ferill framkoma (kennt á íslensku, ensku og pólsku)	5	6	11
Gott að vita	18	12	30
Notendastýrð persónulega aðstoð (NPA) - framhaldsnámskeið	2	0	2
Notendastýrð persónulega aðstoð (NPA) - grunnnámskeið	3	0	3
Sjúkraliðanámskeið	15	11	26
Taktu stefnuna	1	0	1
Toppurinn	1	1	2
Uppleið (HAM)	1	0	1
Uppleið fjarnámskeið	0	1	1
Upplýsinga og menningarfærni	2	2	4
<b>Námsleiðir FA</b>			
Skrifstofuskólinn	2	1	3
Stökkpallur	2	2	4
Sölu-, markaðs- og rekstrarnám	1	1	2
<b>Samtals</b>	<b>53</b>	<b>40</b>	<b>93</b>

## 2.2 Námskrár

Ásamt námskeiðshaldi skilaði Framvegis af sér þremur námskrám til vottunar hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu:

- Skjalaumsjón (40 klst.)
- Uppleið – hugræn atferlismeðferð (40 klst.)
- Velferðartækni (40 klst.)

Í Samvinnu með Starfsmennt vann Framvegis að uppfærslu og sameiningu vottaðrar námsleiðar Framhaldsfræðslunnar „Sterkari sarfsmaður“ og námsleiðar frá Starfsmennt „Rekspödur“. Ný námskrá var send til yfirferðar hjá FA í byrjun árs 2020.

## 2.3 Fræðslugreiningar

Framvegis vann þrjár fræðslugreiningar fyrir Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkur (nú Sameyki). Greiningarnar voru unnar í samvinnu við Umhverfis- og skipulagssvið, Skóla- og frístundasvið, Velferðarsvið, Menningar- og ferðamálasvið og skrifstofu Ráðhúss.

- Greina fræðslu- og símenntunarþarfir starfsfólks sem sinnir almennum skrifstofustörfum hjá Reykjavíkurborg með þekkingarþáttinn 4 eða lægri samkvæmt starfsmati og útbúa tillögur að fræðsluáætlun - fræðsluáætlun
- Greina fræðslu- og símenntunarþarfir starfsfólk af erlendum uppruna á leikskólum Reykjavíkurborgar og útbúa tillögur að fræðsluáætlun - fræðsluáætlun

- Greina fræðslu- og símenntunarþarfir starfsfólk af erlendum uppruna á Velfarðarsviði Reykjavíkurborgar og útbúa tillögur að fræðsluúrræðum – fræðsluáætlun

### 3. Mat á skólastarfi

Hjá Framvegis er gæðastjórnun daglegur hluti af rekstri miðstöðvarinnar. Starfsfólk reynir eftir bestu getu að haga aðstöðum þannig að sem bestur árangur náist við hvert tækifæri. Í lok námskeiða og námsleiða leggja verkefnastjórar Framvegis fyrir námskeiðsmat sem námsmenn svara. Námsmatinu er annaðhvort svarað í síðasta tíma námskeiðs eða það er sent rafrænt til námsmanna. Matið er staðlað og uppfært reglulega.

Með námsmatinu eru könnuð viðhorf námsmanna til eftirfarandi atriða:

- Aðstaða hjá Framvegis
- Frammistaða kennara
- Námsfni
- Þjónusta Framvegis

Gæðastefna Framvegis byggir á því að 80% nemenda svari stöðluðum spurningarlista jákvætt, þ.e. að þeir séu *mjög sammála* eða *sammála* spurningunum eða með 5 eða 4 á fimm punkta kvarða.

Verkefnastjórar sjá um að vinna úr niðurstöðum námsmatsins. Í Lok hveurrar annar er starfsfólki miðstöðvarinnar kynntar niðurstöður námsmats vetrarsins og út frá þeim unnin úrbótaáætlun sé þess þörf. Leiðbeinendur námskeiðanna fá einnig niðurstöður spurninga sem þeim viðkemur sendar til sín og þeim þannig gefinn kostur á að bæta frammistöðu sína.

#### 3.1 Niðurstöður kannana

Þátttakendur námskeiða hjá Framvegis eru í heildina ánægði með þá þjónustu sem Framvegis býður upp á. Aðstaðan finnst þeim til fyrirmyndar og viðmót starfsfólks gott. Leiðbeinendur og kennarar þóttu jákvæðir, hafa góða þekkingu á námsefninu og koma upplýsingum vel til skila.

Til að hafa sem besta yfirsýn varðandi upplifun og námsframvindu þátttakenda, á lengri námskeiðum, var verkefnastjóri sem og náms- og starfsráðgjafi í miklum samskiptum við þá á námstímanum. Gerðar voru ráðstafanir jafn óðum þegar niðurstöður leiðsagnarmats kölluðu á það.

##### a. Aðstaðan

Aðstaða nemenda hjá Framvegis stenst sett gæðaviðmið. Spurt er um hvort aðstaðan henti fullorðnum námsmönnum og hvort aðstaðan sé til fyrirmyndar, þ.e. borð, stólar, salernisaðstaða og kaffiaðstaða.

Aðstaðan hjá Framvegis er til fyrirmyndar		
	H_2109	V_2020
Sammála	92%	69%
Hlutlaus	7%	22%
Ósammála	1%	8%

## b. Frammistaða leiðbeinenda

Framvegis leggur sig fram við að ráða til sín leiðbeinendur sem eru sérfræðinga í fremstu röð á sínu sviði til þess kenna á námskeiðum. Við val leiðbeinenda er ferilskrá þeirra skoðuð, reynt er að spassa að hann henti samsetningu námsmannahópsins og niðurstöður fyrri námsmata, hafi leiðbeinandinn kennt áður hjá Framvegis. Veturinn 2019 til 2020 voru nemendur ánægðir með leiðbeinendur Framvegis. Þeim fannst leiðbeinendurnir vera jákvæðir, vel undirbúnir og þekkingu þeirra til fyrirmyndar og að þeim hafi tekist vel að miðla námsefninu.

Til þes að námsmatið nýttist leiðbeinendum Framvegis eru niðurstöður, sem snúa að kennslunni, sendar þeim. Niðurstöður gefið leiðbeinendum gagnlegar upplýsingar sem þeir getur nýtt til að bæta námsefnið sem og kennsluaðferðir.

Leiðbeinendur Framvegis			
	Kennari var jákvæður í garð nemenda.	Undirbúningur kennara og þekking á efninu var góður.	Kennara tókst vel að miðla þekkingu sinni á viðfangsefninu.
Sammála	100%	98%	96%
Hlutlaus	0%	1%	2%
Ósammála	0%	1%	2%


## c. Þjónustan hjá Framvegis

Hjá Framvegis skiptir miklu máli að allir sem þangað koma líði vel. Á þetta við um námsmenn, leiðbeinendur, starfsfólk og þá sem kíkja inn af götunni. Þegar spurt er um þjónustu Framvegis eru námsmenn ánægðir, margir tóku það sérstaklega fram hversu vinalagt starfsfólk var og að þeim hafi liðið vel á meðan þeir voru hjá Framvegis.

Þjónusta og aðstaða hjá Framvegis			
	Kennsluaðstaðan hentar fullorðnum námsmönnum	Aðstaða (borð, stólar, salernisaðstaða, kaffiaðstaða) er til fyrirmyndar.	Þjónusta starfsfólks
Sammála	89%	79%	100%
Hlutlaus	8%	17%	0%
Ósammála	3%	4%	0%

## d. Náms og starfsráðgjöf

Hjá Framvegis eru tveir starfandi náms- og starfsráðgjafar. Mikil áhersla er lögð á að allir þátttakendur námsleiða viti að þeim stendur til boða að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og eru þeir hvattir til þess. Rúmlega 60% þátttakenda námsleiða nýttu sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa Framvegis.



## 4. Úttekt á stöðu eigna

Það er markmið Framvegis að öryggisreglur séu til fyrirmyndar. Úttekt er gerð á húsnæði Framvegis í samræmi við kröfur opinberra aðila auk þess sem reglulega er farið yfir reykskynjara og lyftu hússins.

## 5. Stefna og framtíðarsýn

Ný stefnumótun var gerð á árinu 2019 með starfsmönnum og stjórn undir leiðsögn Bjarna Snæbjörns Jónssonar ráðgjafa og eins af stofnendum DecideAct Management. Nýjar áherslur í starfsemi Framvegis voru markaðar og ný stefna gerð í framhaldinu.

Meginviðfangsefni og stefnuáherslur eru í fimm liðum sem stjórn og starfsfólk kemur til með að vinna að og fylgja eftir. Stefnan miðar að því að nýta tækni til framfara í öllu starfi Framvegis, skapa umhverfi til nýsköpunar og þróunar starfsfólks sem og til framþróunar starfseminnar. Þessi meginviðfangsefni eru:

- Endurmenntun og starfsþróun starfsfólks Framvegis
- Aukin samlegð með starfsemi Starfsmenntar
- Þróa áfram og vekja athygli á ráðgjöf til vinnustaða – raunfærnimat á móti starfi
- Efla kynningarstarf Framvegis
- Mikilvægi tækni- og upplýsingalæsis

Gildi Framvegis eru framsækni, fagmennska, árangur og virðing.

## 6. Samantekt

Framvegis stefnir að því að auka gæði miðstövarinnar enn frekar. Stefnt er að því að yfirfara námsmat sem lagt er fyrir þátttakendur og aðlaga það betur annars vegar að námsleiðum og hins vegar að styttri námskeiðum. Liður í framþróun og auknum gæðum náms hófst á því að Framvegis keypti nemendatölvur í lok árs 2019. Markmiðið með þeim kaupum er er tvíþætt þ.e. að draga úr kostnaði vegna leigu á tölvustofum og draga úr útvistun náms Framvegis og bjóða námsmönnum upp á námsumhverfi sem svarar kröfum um tækni- og tölvulæsi.